



HAFNARFJÖRÐUR

Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Hafnarfirði, 30.10.2019
1907309

Efni: Umsögn um friðlýsingu svæðis

Fyrir hönd Vatnsveitu Hafnarfjarðar og umhverfis- og skipulagssviðs eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við friðlýsingu svæðis við Brennisteinsfjöll:

Fyrirhugað friðlýst svæði er óþarflega stórt. Það nær 5 Km út fyrir svokallaða viðnámslínu en hún byggir á mælingum frá ÍSOR og afmarkar svæði þar sem varmaorkuvinnsla getur farið fram. Ekki eru gefnar skýringar á þessari 5 Km afmörkun eða færð rök fyrir henni. Réttara þykir að fara eftir viðnámslínu og afmarka að auki svæði utan hennar þar sem horft er til jarðmyndana og landslags.

Hafnarfjarðarkaupstaður á hitaveituréttindi í Krýsuvíkurtorfunni allri (Krýsuvík og Stóra –Nýjabæ) skv. afsali frá ríkinu árið 1941. Bent er á ákveðið ósamræmi texta í tillögu að auglýsingu en þar kemur fram að friðlýsingin nái aðeins til varmaafsvirkjana 50 MW eða stærri. Reikna má með talsverðu raski og mannvirkjum við varmaafsvirkjun þó svo að hún er undir 50 MW og erfitt að sjá hvernig það fer saman við friðlýsingu. Óskað hefur verið eftir skýringum á þessu ósamræmi við Umhverfisstofnun en ekki fengist svör.

Í Fagradal er hugsanlegt framtíðar vatnsból Hafnarfjarðar. Fyrirhugað friðlýst svæði liggur nálægt Fagradal og áskilur Hafnarfjarðarbær sér allan rétt til að nýta vatnstökusvæðið hvort sem það liggur innan eða utan friðlýsts svæðis.

Virðingarfyllst,




Guðmundur Elíasson
Hafnarfjarðarbær
Umhverfis- og skipulagssvið
umhverfis- og veitustjóri



Hafnarfjarðarbær
Umhverfis- og skipulagssvið
sviðsstjóri

Sigurður Haraldsson